

Skipulagsstofnun  
Sigurður Ásbjörnsson  
Laugavegi 166  
150 Reykjavík



UMHVERFISSTOFNUN

Reykjavík, 2. desember 2013  
Tilvísun: UST20131100200/bs

### Tilkynning um framkvæmd: Færsla óss Lagarfljóts og Jöklu í Héraðsflóa - umsögn

Vísað er til bréfs Skipulagsstofnunar dags. 26. nóvember sl. þar sem óskað er umsagnar Umhverfisstofnunar um hvort og á hvaða forsendum ofangreind framkvæmd skuli háð mati á umhverfisáhrifum.


Fyrirhugað er að grafa út nýjan ós um 3 km sunnan við núverandi ós. Nýr ós yrði þá á svipuðum stað og ósinn hefur jafnan verið frá 1945 til 2000.


Tilgangur framkvæmdarinnar er að hindra að áin brjóti sér leið yfir í Fögruhlíðará. Fyrirhugað framkvæmdasvæði er á gróðurlausu sandrifi. Framkvæmdasvæðið er ýmist innan svæða nr. 639 eða nr. 605 á náttúruminjaskrá háð legu óssins. Verndargildi beggja svæðanna felst í gróðurfari og fuglalífi.

Umhverfisstofnun telur að umrædd framkvæmd muni ekki hafa neikvæð áhrif á umrædd svæði og gæti jafnvel hindrað rask á svæði nr. 639 á náttúruminjaskrá sem er svæðið milli Fögruhlíðarár og Jökulsár á Brú.

Að teknu tilliti til ofangreindra atriða telur Umhverfisstofnun ekki líklegt að fyrirhuguð færsla óss Lagarfljóts og Jöklu muni hafa umtalsverð umhverfisáhrif í för með sér.

Virðingarfyllt

  
Aðalbjörg Birna Guttormsdóttir  
Teymisstjóri

  
Björn Stefánsson  
sérfræðingur